



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3/9 2014
Málsnr:	1409090
Bréfal:	561

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. september 2014  
Tilv.: UMH14070016/0011

Að undanfögnu hefur staðið yfir vinna við gerð nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða hjá Mannvirkjastofnun. Í 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 segir að kveða skuli í reglugerð á um lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skuli í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Þann 30. júní sl. barst ráðuneytinu frá Mannvirkjastofnun tillaga að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða sem stofnunin vann í samráði við óformlegan starfshóp sem skipaður var fulltrúum frá Félagi slökkviliðsstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Meðfylgjandi er afrit af bréfi Mannvirkjastofnunar til ráðuneytisins þar sem fjallað er um hvað var haft við hliðsjónar við gerð draganna að reglugerðinni auk greiningar á kostnaðarþáttum.

Ráðuneytið óskar hér með eftir umsögn um framkomin drög og að þau berist ráðuneytinu eigi síðar en 24. september nk. Þeir aðilar sem hafa tök á að senda sína umsögn fyrr eru hvattir til þess. Stefnt er að því að úrvinnslu umsagna verði hraðað eftir föngum og að ný reglugerð taki gildi sem fyrst.

Drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða er að finna á heimasíðu ráðuneytisins,  
[http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Reglugerd-um-starfsemi-slokkvilida-drog-300614.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Reglugerd-um-starfsemi-slokkvilida-drog-300614.pdf)

Fyrir hönd ráðherra

Hafsteinn Pálsson



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t. Steinunnar Fjólu Sigurðardóttur  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. júní 2014  
Tilvísun: 201403-0102

## **Efni: Tillögur Mannvirkjastofnunar að reglugerð um starfsemi slökkviliða**

Með vísan til 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 sendast hér með tillögur Mannvirkjastofnunar að reglugerð um starfsemi slökkviliða. Í 11. gr. segir að kveða skuli í reglugerð á um lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skuli í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum Mannvirkjastofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

Meðfylgjandi reglugerðardrög eru unnin í samráði við óformlegan starfshóp sem skipaður var fulltrúum frá Félagi slökkviliðsstjóra, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Einnig hefur málefnið verið tvisvar til umræðu á ráðstefnum Félags slökkviliðsstjóra og Mannvirkjastofnunar.

### **Almennt**

Við gerð reglugerðardraganna hefur m.a. verið litið til hliðstæðra reglugerða á Norðurlöndunum auk leiðbeininga sem Mannvirkjastofnun og áður Brunamálastofnun hafa gefið út um um ýmsa þætti í starfsemi slökkviliða. Einnig hefur verið tekið mið af núverandi stöðu mála í rekstri slökkviliða landsins. Gildandi ákvæði laga um brunavarnir varðandi skyldur sveitarstjórna og rekstur slökkviliðs eru mjög almennt orðuð en lengi hefur verið talin þörf á að settar væru nákvæmari lágmarkskröfur varðandi tiltekna þætti.

Almennt séð fela reglugerðardrögin ekki í sér auknar kröfur og því ættu kostnaðaráhrif þeirra ekki að vera umtalsverð. Hins vegar sýna nýlegar úttektir Mannvirkjastofnunar að víða vantar þónokkuð upp á að slökkviliðin uppfylli gildandi kröfur. Fyrir liggur því að leggja þarf víða í kostnað til að koma rekstri slökkviliðanna í ásættanlegt horf.

Mannvirkjastofnun hefur tekið saman skjal þar sem leitast er við að greina þá þætti reglugerðardraganna sem geta falið í sér aukinn kostnað. Skjalið fylgir bréfi þessu og vísar stofnunin til þeirra skýringa og athugasemda sem þar koma fram.

## **Skipulagning útkallsliðs og útkallseininga**

Samkomulag var að mestu um efni reglugerðardraganna í starfshópnum. Þó náðist ekki að öllu leyti sátt um 22. og 23. gr. þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda slökkviliðsmanna í útkallsliði og útkallseiningum vegna slökkvistarfs innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 1.

Í 22. gr. reglugerðardraganna er sett fram sú meginregla að sveitarstjórn skuli setja saman útkallslið sem getur veitt nægjanlegt viðbragð við slysum og atvikum sem slökkviliði ber að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir. Sýna skal fram á í brunavarnaáætlun með áhættugreiningu og útreikningum miðað við m.a. þörf fyrir reykköfun, vatn og tækjabúnað í litlum, meðal og stórum áhættum og/eða útköllum hvernig útkallseiningar slökkviliðs eru samsettar og hversu margar þær eru. Þessu til viðbótar eru settar fram lágmarkskröfur um fjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningum og útkallsliði en heimilt er víkja frá þeim ef áhættugreining og útreikningar sýna er fram á að annað sé nægjanlegt. Lágmarkskröfurnar gilda við skipulagningu útkallsliðs og áætlanagerð sveitarstjórnar. Í raunverulegu útkalli er það hins vegar ávallt mat vettvangsstjóra hversu margar slökkviliðsmenn þarf til að annast viðkomandi verkefni, sbr. 4. mgr. 22. gr. reglugerðardraganna.

Það atriði sem helst var ágreiningur um innan starfshópsins varðar lágmarksfjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningu sem sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. nýrrar reglugerðar um reykköfun og reykköfunarbúnað nr. 1088/2013 er stjórnanda reykkafara óheimilt að reykkafa sjálfur eða sinna öðrum störfum á vettvangi sem trufla hlutverk hans sem stjórnandi reykkafara. Af þeim sökum telur Mannvirkjastofnun að við skipulagningu útkallseiningar fyrir slökkvistarf innanhúss og reykköfun sé ekki unnt að gera ráð fyrir færri slökkviliðsmönnum en fimm (vettvangsstjóri, stjórnandi reykkafara, tveir reykkafarar og einn slökkviliðsmaður sem stýrir dælu/vatnsöflun). Þetta atriði varðar fyrst og fremst öryggi við framkvæmd reykköfunar og þá sérstaklega öryggi slökkviliðsmanna.

Framangreind ákvæði um lágmarksfjölda slökkviliðsmanna við reykköfun hafa áhrif á þann lágmarksfjölda slökkviliðsmanna sem miðað skal við að komi í stærri aðgerðir innan 30

mínútna skv. 23. gr. reglugerðardraganna (1 slökkviliðsstjóri, 4 stjórnendur, 16 almennir slökkviliðsmenn).

Í reglugerðardrögunum er farin sú leið að setja fram ákveðnar lágmarkskröfur en heimila frávík frá þeim ef áhættugreining og útreikningar sýna fram á að annað sé nægjanlegt. Þetta er svipuð leið og farin hefur verið í Noregi. Önnur leið væri að setja ekki fram lágmarkskröfur um fjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningum og útkallsliði heldur einungis meginreglur um skyldur sveitarfélaga til að hafa nægjanlegan viðbúnað tiltækan á hverjum tíma og sveitarfélögin reiknuðu svo út á grundvelli vandaðrar áhættugreiningar og útreikninga hver lágmarksfjöldinn þyrfti að vera. Það er sú leið sem farin hefur verið í Danmörku. Forsenda fyrir þeirri leið er að sveitarfélög geri brunavarnaráætlanir, meti áhættur á starfssvæði sínu og byggi á grundvelli þess upp slökkvilið sem ræður við verkefni sín. Því miður hefur gengið afar illa að framfylgja ákvæðum brunavarnalaga um skyldu sveitarstjórna til að setja sér brunavarnaráætlanir. Á meðan svo er telur Mannvirkjastofnun nauðsynlegt að setja í reglugerð fram lágmarkskröfur um mönnun slökkviliða.

Við gerð reglugerðardraganna hefur ekki verið haft samráð við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Málefnið var hins vegar til umfjöllunar á síðasta landsþingi sambandsins og í blaði þess, sbr. meðfylgjandi ljósrit. Tillögur stofnunarinnar um lágmarksfjölda slökkviliðsmanna við innanhússlökkvistarf og reykköfun eru jafnframt í samræmi við niðurstöður vinnuhópa á tveimur síðustu ráðstefnum félags slökkviliðsstjóra og Mannvirkjastofnunar þar sem þetta atriði var til umfjöllunar.

### **Menntun eldvarnareftirlitsmanna**

Í reglugerðardrögunum eru settar fram kröfur um menntun eldvarnareftirlitsmanna, sbr. 12. gr. Um er að ræða auknar kröfur frá gildandi reglum en lausleg athugun Mannvirkjastofnunar sýnir að flestir starfandi eldvarnareftirlitsmenn uppfylla kröfurnar engu að síður. Stofnunin vekur athygli á að breyta þarf reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001 til samræmis.

### **Menntun starfsmanna Neyðarlínu**

Mannvirkjastofnun vekur athygli á að í 19. gr. reglugerðardraganna er lagt til að þeir starfsmenn Neyðarlínu sem svara neyðarsímtölum vegna útkalla slökkviliðs skuli að lágmarki hafa lokið grunnnámi slökkviliðsmanns frá Brunamálaskólanum eða sambærilegu námi. Er það álit Mannvirkjastofnunar með hliðsjón af fenginni reynslu að nauðsynlegt sé að efla þekkingu þessara starfsmanna á sviði brunamála. Til samanburðar má nefna að mun meiri kröfur eru gerðar á hinum Norðurlöndunum til þeirra sem svara neyðarsímtölum. Gjarnan er gerð krafa um að þeir ljúki sama grunnnámi og

slökkviliðsmenn auk sérnáms fyrir neyðarverði. Mannvirkjastofnun vekur athygli á að ekki hefur verið haft samráð um þessar tillögur við Neyðarlínuna eða innanríkisráðuneytið og leggur því stofnunin til að málið verði tekið upp milli ráðuneytanna sem fyrst.

### **Kröfur um búnað**

Í reglugerðardrögunum er gert ráð fyrir að Mannvirkjastofnun setji leiðbeiningar um lágmarksbúnað til slökkvistarfs og annarra starfa slökkviliðanna. Í undirbúningsvinnunni hefur það sjónarmið komið fram hjá mörgum slökkviliðsstjórum að nauðsynlegt sé að slíkir búnaðarlistar séu hluti af reglugerðinni, til að gefa lágmarkskröfunum aukið vægi. Mannvirkjastofnun telur óhagræði af slíkri framsetningu þar sem búnaðarlistarnir yrðu líklega fljótt úreltir. Hins vegar leggur stofnunin til að búnaðarlistarnir verði látnir fylgja reglugerðardrögunum sem send verða til umsagnar til að fá fram sjónarmið og athugasemdir um efni þeirra og framsetningu krafna.

Virðingarfyllt  
f.h. Mannvirkjastofnunar

Ingibjörg Halldórsdóttir  
lögfræðingur

## Greining á kostnaðarpáttum draga að reglugerð um starfsemi slökkviliða

Grein	Efnisatriði ákvæðis	Námar um þær kröfur sem settar eru	Gildandi kröfur	Breytingar á kröfum	Kostnaðar-áhrif	Athugasemdir
3. gr.	Verkefni slökkviliða	Vatnsöflun, slökkvistarf, viðbrögð við mengun, björgun á fastklemmdu fólki og eldvarnaefirlit	Lög um brunavarnir	Engar	Engin	
4. gr.	Önnur verkefni	Verkefni skulu koma fram í brunavarnaáætlun og mega ekki rýra getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum		Engar	Engin	
5. gr.	Hlutverk sveitarstjórnar	Ber ábyrgð á starfsemi og ákveður umfang þjónustu	Lög um brunavarnir	Engar	Engin	
6. gr.	Samstarf og samvinna	Sveitarfélögum ber skylda til að veita nauðstöðum aðstoð svo fljótt sem því verður við komið	Lög um brunavarnir	Sveitarfélög skulu semja sín á milli um að það slökkvilið sem er næst útkallsstað sé kallað út.	Hugsanleg þar sem þetta fyrirkomulag er ekki þegar komið á	Þetta fyrirkomulag er víðast hvar viðhaft nú þegar. Dæmi: Starfssvæði slökkviliðs Akraness nær að Borgarfjarðarbrú, slökkvilið Borgarbyggðar fer í þau slys sem verða undir Hafnarfjalli.

		Í sveitarfélögum þar sem ekki er nægur fjöldi íbúa til að manna slökkvilið eða sveitarfélagið hefur af öðrum ástæðum ekki möguleika á að uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar með rekstri eigin slökkviliðs skal sveitarfélagið semja við nærliggjandi sveitarfélag um rekstur sameiginlegs slökkviliðs, sbr. þó 4. mgr	Lög um brunavarnir	Engar	Engin/til lækkunar	Öll sveitarfélög eru skyldug til að reka slökkvilið samkvæmt brunavarnalögum, engar undanþágur.
Samstarf og samvinna		Á fámennum og landfræðilega afskekktum dreifbýlissvæðum, þar sem ekki er hægt að koma því við að vera með útkallsið er heimilt að tryggja öryggi svæðisins með öðrum hætti. Brunavarnir skulu þá tryggðar t.d. í formi aukinna einkabrunavarna og forvarnastarfs sem viðhaldi ásættanlegu öryggi fyrir líf, heilsu, umhverfi og eignir og/eða með rekstri útstöðvar með fyrsta viðbúnaði fyrir utanhúss slökkvistarf og þjálfun íbúa í björgunarstörfum á meðan beðið er eftir slökkviliði. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun og hjóta samþykki Mannvirkjastofnunar	Lög um brunavarnir	Engar	Engin/til lækkunar	Öll sveitarfélög eru skyldug til að reka slökkvilið samkvæmt brunavarnalögum, engar undanþágur.
7. gr.	Hlutverk slökkviliðsstjóra	Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra.	Lög um brunavarnir	Engar	Engin	Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaráróhöpp á landi.
	Hlutverk slökkviliðsstjóra	Við ákvörðun um stöðu slökkviliðsstjóra í skipuriti sveitarfélags og starfshlutfall hans skal gæta að ábyrgð hans og valdheimildum skv. lögum um brunavarnir, stjórnsýslulegu hlutverki og verkefnum skv. brunavarnaáætlun. Skipuritið skal koma fram í brunavarnaáætlun.	Lög um brunavarnaáætlana	Engar	Engin	



8. gr.	Upplýsingagjöf og skráning gagna	Mannvirkjastofnun getur krafð sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu	Lög um brunavarnir	Engar	Engin	Útköll eru skráð í útkallskýrslugrunn Eldvarmaeftirlit er skráð í gagnagrunn Búnaðarlistar eru skráðir árlega *Við er að einhver slökkvilið standa ekki skil á ofangreindum umbeðnum upplýsingum.
10. gr.	Skráning slysa og óhappa	Slökkvilið skal halda skrá yfir öll slys og óhöpp sem verða í starfsemi slökkviliða hvort sem þau valda valda óvinnufærni starfsmanns eða ekki. Slökkvilið skal fyrir 1. maí ár hvert veita Mannvirkjastofnun yfirlit yfir skráð slys og óhöpp.	Nýtt	Engin	Engin	Vinna við skráninguna. Óverulegur kostnaður.
11. gr.	Brunavarnaáætlun	Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem unnin er af slökkviliðsstjóra og fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjóra sbr. 13. gr. laga um brunavarnir. Í brunavarnaáætlun skal gerð grein fyrir því hvernig sveitarfélag uppfyllir skyldur sínar	Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlana	Engin	Engin*	*Við er að einhver slökkvilið uppfylla ekki gildandi kröfur um gerð og endurnýjun brunavarnaáætlana.
12. gr.	Eldvarmaeftirlit	Á öllum starfssvæðum slökkviliða skal vera tryggt að eldvarmaeftirlit slökkviliðs sé þannig skipulagt, mannað, menntað og þjálfað að það geti annast eftirlit með þeim áhættum sem eru á starfssvæði slökkviliðs og nauðsynlegt forvarnarskipt.	Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlana	Engin	Engin*	*Við er að einhver slökkvilið uppfylla ekki gildandi kröfur um eldvarmaeftirlit.

		<p>Sveitarfélög skulu leitast við að hafa samstarf um eldvarnaeftirlit til að nýta sem best hæfni starfsmanna.</p> <p>Þeir sem sinna eldvarnaeftirliti og stjórnendur þess skulu a.m.k. hafa lokið viðeigandi námi samkvæmt reglugerð um brunamálaaskólan og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna eða hafa menntun sem Mannvirkjastofnun metur jafngilda. Þeir skulu jafnframt hafa menntun skv. einum af eftirtöldum liðum</p> <p>a. Menntun fyrir atvinnuslökkviliðsmenn eða</p> <p>b. hafa lokið 32 einingum í byggingartækni að loknu sveinsprófi, þ.e. jafngildi meistaráréttinda á byggingasviði eða byggingariðnifræði eða</p> <p>c. hafa lokið prófi í byggingartæknifræði, byggingarverkræði, arkitektúr eða byggingarfræði</p>	<p>Lög um brunavarnir og reglugerð um brunamála-skólan</p>	<p>Auknar kröfur um menntun, mannvirkjagerð verður sífellt flóknari og því nauðsynlegt að þeir sem hafa eftirlit með því að mannvirki uppfylli settar kröfur hafi menntun á sviði byggingartækni.</p>	<p>Engin /óveruleg</p>	<p>Mikill meirihluti starfandi eldvarnaeftirlitsmanna uppfylla þessar kröfur í dag. Nær einungis til nýráðninga</p>
<p>13. gr.</p>	<p>Skoðunar-stofur</p>	<p>Slökkviliðsstjóri getur, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, falið óháðri skoðunarstofu eldvarnaeftirlit í heild eða að hluta og skal þá eftirlitið framkvæmt í samræmi við verklagsreglur og skoðunarhandbækur Mannvirkjastofnunar. Skilyrði er að skoðunarstofa hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar</p>	<p>Lög um brunavarnir</p>	<p>Engar</p>	<p>Engin</p>	

14. gr.	Verkefni útkallsliðs	<p>Verkefni útkallsliðs eru:</p> <p>a) Að hafa með höndum viðbúnað við eldsvoðum og slökkva eld sem verður laus og/eða fyrirbyggja bráða hættu á að eldur verði laus á starfssvæði slökkviliðsins og hafa auk þess eftirlit með því að nægjanlegt slökkvivatn fái úr vatnsveitu eða vatnsbólum.</p> <p>b) Að hafa með höndum viðbúnað við mengunaróhöppum á landi, þ.m.t. í ám og stöðuvötnum, og stöðva útbreiðslu efna frá mengunaróhæppi á landi eða fyrirbyggja bráða hættu á að slíkt atvik verði.</p> <p>c) Þjörgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum þjörgunarbúnaði.</p> <p>d) Að sjá til þess að fólk sem þarf að rýma húsnæði sitt vegna slyss, sbr. a) - c) lið, sé skráð, komið í húsnæði og því sinnt eftir þörfum.</p> <p>Tryggja skal að önnur verkefni sem slökkviliðunum er falið að vinna samkvæmt brunavarnaáætlun sveitarfélagsins rýri ekki viðbragðsgetu slökkviliðsins</p>	Engin	Engar	Lög um brunavarnir
---------	----------------------	---	-------	-------	--------------------

15. gr.	Hæfniskröfur útkallsliðs	<p>Þeir sem ráðnir eru til starfa í útkallslið slökkviliðs skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:</p> <p>1. Hafa góða líkamsturði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvisir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthæðslu eða innilokunarkennð.</p> <p>2. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.</p> <p>Í undantekningartilvikum má víkja frá skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. hjá slökkviliðum sem falla undir c. lið 1. mgr. 17. gr. reynist ekki unnt að fá menn til starfa sem uppfylla skilyrði um iðnmenntun eða sambærilegt.</p> <p>Ekki má fela slökkviliðsmanni að sinna útkallsstarfi nema hann hafi lokið víðeigandi grunnnámi í Brunamálastólunum eða hafi sambærilega menntun sem Mannvirkjastofnun metur jafngilda. Byrjendur, sem hafið hafa störf í slökkviliði en ekki lokið grunnnámi, sbr. reglugerð um Brunamálastólun og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, skulu ávallt vinna undir leiðsögn fullmenntaðra slökkviliðsmanna.</p> <p>Reykafarar slökkviliðs skulu uppfylla skilyrði reglugerðar um reykstöfun.</p> <p>Stjórnandi í útkallsliði skal hafa lokið stjórnendanámi í Brunamálastólunum eða hafa sambærilega menntun sem Mannvirkjastofnun metur jafngilda.</p>	<p>Lög um brunavarnir Reglugerð um Brunamála- skólann og réttindi og skyldur slökkviliðs- manna</p>	Engar	Engin*	<p>*Vitað er að einhver slökkvilið uppfylla ekki gildandi kröfur um menntun og hæfni</p>
---------	-----------------------------	--	---	-------	--------	--

16. gr.	Þjálfun útkallsliðs	<p>Útkallslið skal vera þannig mannað og hjá því skal vera nægjanleg þekking og reynsla til þess að það ráði við slökkvistarfi í þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu.</p> <p>Gæta skal þess að útkallslið viðhaldi hæfni sinni með reglubundnum æfingum og sé þannig undirbúið til að takast á við verkefni slökkviliðsins.</p>	<p>Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna-áætlana</p>	Engar	Engin	<p>Fjöldi tíma sem gerð er krafa um sem þjálfun slökkviliðsmanna í ögum hefur ekki breyst frá upphafi, þegar slökkvistarf fólst fyrst og fremst í vatnsóflun. Verkefni slökkviliða hafa hinsvegar breyst og orðið flóknari auk þess sem þeim hefur fjölgað með tilkomu hlutverks þeirra við menungunarsýs og björgun fastklemmds fólks. Vitað er að einhver slökkvilið uppfylla ekki gildandi kröfur um þjálfun.</p>
17. gr.	Skipulag slökkviliðs	<p>Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflapörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarks fyrirkomulag á rekstri slökkviliðs</p> <p>a. Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.</p> <p>b. Yfir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkvilið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi.</p>	<p>Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna-áætlana</p>	Engar	Engin	<p>Atvinnulið (2014) SHS: 205.000 BS: 18.000 SA: 20.000 Fjarðabyggð: 5.000</p> <p>Skilgreint hvenær manna þarf slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt</p> <p>Skilgreint hvenær starfssvæði slökkviliðs er orðið það stórt að verkefni slökkviliðsins, skipulag, þjálfun og umsjón með búnaði þarfnast daglegs mannaþals</p> <p>Eitt sveitarfélag bætist við í hóp þeirra sem þurfa að hafa fasta vakt á daginn. Föst vakt á daginn (2014) BÁ: 15.000 B.Skag.: 4.000 SÍ: 3.000 Ekki föst vakt: S.Akranes 7.000</p>

						Öll sveitarfélög eru skyldug til að reka slökkvilið samkvæmt brunavarnalögum þó ekki komi fram í lögnum hvernig það skuli útfært. Vitað er að mörg hlutastarfandi slökkvilið skylda menn ekki til að mæta í útkall og geta því ekki ábyrgst að nægur mannskapur mæti í útköll. Spurning er því hvort þau uppfylla skyldur laganna í dag. Miðað við gildandi kjarasamninga gætu þau lið orðið fyrir kostnaðarauka ef menn verða skyldaðir til að mæta í útköll.
			Lög um brunavarnir	Engar	Engin	Öll sveitarfélög eru skyldug til að reka slökkvilið samkvæmt brunavarnalögum.
			Lög um brunavarnir	Engar	Engin	
			Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna- áætla Byggingar- reglugerð	Skýrari kröfur um framkvæmd.	Engin	
			Lög um samræmda neyðar-símsvörðun Reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðar-símsvörðunar		Engin	
		c. Undir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi.	Í þéttbýli með fleiri en 300 íbúum skal vera útkallseining.			
18. gr.	Útkallssvæði slökkviliða	Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs. Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma				
19. gr.	Boðun og útkall	Slökkviliðsstjóri skal viðhalda upplýsingum um boðun og útkall hjá Neyðarlínu. Hann skal gefa Neyðarlínumni hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er.				



21. gr.	Viðbragðs- einingar utan slökkviliða	<p>Í brunavarnaáætlun skal koma fram ef sérstök viðbragðseining er starfrækt í sveitarfélaginu á vegum annarra en slökkviliðs. Tilgreina skal í brunavarnaáætlun á hvaða grundvelli slíkar einingar starfa, t.d. hvort um sé að ræða ákvörðun slökkviliðsstjóra á grundvelli 24. gr. laga um brunavarnir eða forsendu fyrir útgáfu byggingarleyfis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir lágmarksfjölda starfsmanna viðbragðseiningar, um lágmarksþjálfun þeirra og um búnað sem viðbragðseiningin skal hafa tiltækan. Á vettvangi eldsvoða og mengunaróhappa eru slíkir viðbragðsaðilar undir stjórn slökkviliðsstjóra</p>	Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna-áætlana	Engar	Engin	
22. gr.	Útkallslið	<p>Þegar útkall verður ber sveitarstjórn skylda til að senda nægjanlegt afl á vettvang til að bregðast við á fullnægjandi hátt. Sveitarstjórn skal setja saman útkallslið sem getur veitt nægjanlegt viðbragð við slysum og atvikum sem slökkviliði ber að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir, sbr. 23. gr. Stærð útkallsliðs tekur mið af áhættum í sveitarfélaginu, verkefnum, sbr. 3. gr., og skiptingu þess í útkallsvæði, sbr. 18. gr.</p>	Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna-áætlana	Engar	Engin*	<p>*Vitað er að einhver slökkvilið hafa ekki yfir að ráða nægjanlegum mannafla til að ráða við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum um brunavarnir.</p>





		Allur búnaður slökkviliðs skal að lágmarki uppfylla ákvæði þeirra ÍST EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I við reglugerð þessa. Sé keyptur búnaður sem framleiddur er eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðalsins	Lög um brunavarnir	Engar	Engin	Nauðsynlegt er að tryggja að slökkviliðin hafi búnað til umráða sem gerður er til að sinna hlutverki slökkviliðs ( t.d. Stigar þurfa að vera gerðir til að bera slökkviliðsmenn í fullum hlífðarbúningi og þann sem verið er að bjarga, styrkur og hitapol er því allt annað en á stiga sem ætlaður er til annarra verka)
		Á svæðum þar sem ekki er hægt að útvega nægjanlegt vatn án fyrirvara til slökkvistarfs skal slökkviliðið geta tekið með sér nægjanlegt vatn á tönkum, þannig fyrirkomið að dæling rofni ekki.	Lög um brunavarnir Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarna- áætlana	Engar	Engin	Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.
		Mannvirkjastofnun setur leiðbeiningar um lágmarksbúnað slökkviliða. Stofnunin getur jafnframt gefið út leiðbeiningar um afskriftir og úreldingu búnaðar.		Engar	Engin	Nauðsynlegt er að tryggja rekstraröryggi búnaðar m.a. með því að afskrifa búnað sem er orðinn gamall og slitinn. Líklegt er að núverandi búnaður sumra liða uppfyllir ekki þessar kröfur. En er þá í raun ekki í útkalshæfu ástandi. Kostnaðarauki fyrir þá sem þurfa að koma sínum búnaði í útkalshæft ástand.
25. gr. Persónuhlífar og vinnuvernd		Fylgja skal ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við framkvæmd starfa slökkviliðs. Slökkviliðsmenn skulu fá nauðsynlegar persónuhlífar til að sinna þeim störfum sem krafist er af þeim þegar keyptar eru persónuhlífar skal eingöngu velja búnað sem uppfyllir kröfur í gildandi stöðlum og reglugerðum	Lög um brunavarnir Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðs- manna Reglugerð um reykköfurn	Engar	Engin	

26. gr.	Fjarskipti	Slökkvilið skal þannig búið að fjarskipti sem nauðsynleg eru til að slökkvistarfi geti farið fram á árangursríkan hátt jafnt innan slökkviliðs sem við aðra björgunaraðila s.s. lögreglu og Neyðarlínu	Lög um brunavarnir og reglugerð um reykkiðfun. Lög um samræmda neyðarsvörun	Engar	Engin	Á sumum stöðum kemur slökkvilið á vettvang slyss á undan lögreglu og sjúkraliði. Þá er nauðsynlegt að þeir geti veitt fyrstu hjálp. Flest lið eiga slíkan búnað nú þegar.
27. gr.	Skyndihjálp	Slökkvilið skal hafa búnað og þjálfun til að geta veitt skyndihjálp	Nýtt	Hugsanlega einhver		

